

HUGRÚN RAGNARSDÓTTIR

## VAKNING OG HVATNING REYNSLA MÍN AF RAUNFÆRNIMATI



Huguína Ragnarsdóttir

Þegar Samband Íslenskra banka-  
manna auglýsti eftir þátttakendum  
í raunfærnimat sl. haust vaknaði  
strax hjá mér áhugi. Ég sótti um  
í snatri og var svo heppin að vera  
valin til þátttöku. Strax á fyrsta  
fundi, þar sem verkefnið var kynnt,  
varð mér ljóst að þetta var mun  
umfangsmeira en ég hafði talið í  
fyrstu. Engu að síður fannst mér  
það heillandi tilhugsun að geta  
kortlagt færni mína og þekkingu  
og fór þess vegna af krafti í það  
að safna saman þeim gögnum sem

nauðsynleg voru til að staðfesta þá  
kunnáttu og þekkingu sem ég bý yfir.

Vinnustundirnar, sem fóru í gerð raunfærnimöpp-  
unnar góðu, voru þó nokkuð margar. Það var erfiðast að  
byrja en svo léttist róðurinn eftir því sem á leið. Við hittum  
ráðgjafa bæði á hóp- og einkafundum og það var ómetan-  
legt. Ráðgjafarnir voru okkur innan handar í hvívetna og  
ef einhver strandaði var aðstoð innan seilingar.

Þegar ég hafði lokið gerð möppunnar og sá innihald  
hennar svart á hvítu var ég furðu lostin yfir þeirri reynslu  
og hæfni sem ég hafði sankað að mér í gegnum tíðina. Það er ekki svo að ég, frekar en aðrir, velti því mikið fyrir  
mér í dagsins önn hvað ég kann og get en skyndilega  
hafði ég góða yfirsýn yfir hæfni mína og hafði fengið  
hana staðfesta bæði frá yfirmanni og óháðum aðilum. Allt  
ferlið við raunfærnimatið var mikil sjálfskoðun sem styrkti  
sjálfsmynd mína verulega.

Núna finnst mér ég standa á tímamótum og finn fyrir  
mikilli hvatningu til að halda áfram á þeirri braut sem  
raunfærnimatið beindi mér inn á. Ég er á seinna ári í hag-  
nýtu viðskipta- og fjármálagreinanámi, sem kennt er við  
Menntaskólann í Kópavogi, og hef fullan hug á að sækja  
um háskólanám næsta haust. Ég gæti hæglega átt 25 ár  
eftir af starfsævinni en það er meira en nægur tími til að  
sækja þá menntun sem hugurinn stendur til og afla sér  
frama á nýjum starfsvettvangi. Ég er nokkuð viss um að  
hefði raunfærnimatið ekki rekið á fjörur mínar væri ég

ekki að velta frekara námi fyrir mér. Eftir að hafa lokið  
matinu veit ég að ég bý yfir nægilegri hæfni til að láta  
drauma mína um háskólamenntun rætast.

Næstu árin er stefnan tekin á frekari starfsframa á  
núverandi vinnustað með fram fjarnámi í háskóla. Ég hef  
meira sjálfstraust en áður og á auðveldara með að ræða  
við yfirmenn um stöðubreytingar og launahækkningar og  
löngun mína til að þróast í starfi. Ég ber sjálf ábyrgð á  
eigin frama og starfsánægju og mun því vera vakandi yfir  
þeim stöðum sem losna og vekja áhuga minn. Jafnframt  
mun ég hafa augun opin fyrir nýjum atvinnutækifærum.

Ég hef þá von að raunfærnimat verði aðgengilegt fólki  
sem er í svipaðri stöðu og ég hvað nám og reynslu varðar.  
Fyrirtækin í landinu þurfa að hvetja starfsfólk sitt til að  
láta meta færni sína og í framhaldi af því að umbuna þeim  
sem sannanlega teljast hæfir til stöðu- og launahækkana.  
Ég vonast einnig til að stjórnvöld beri gæfu til að inn-  
leiða þennan kost inn í menntakerfið á þann hátt að fólk  
eigi auðvelt með að nálgast og sjái hag sinn í því að fá  
færni sína metna. Raunfærnimat þarf að vera raunhæfur  
möguleiki fyrir fólk til að ljúka námi á skemmri tíma en  
ella eða til að þróast í starfi. Að lokum vil ég þakka bæði  
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og SÍB fyrir það ómet-  
anlega tækifæri sem mér gafst við gerð raunfærnimöpp-  
unnar. Raunfærnimatið var mikil sjálfsefning og ég stend  
eftir mun sterkari einstaklingur.

### UM HÖFUNDINN

Huguína Ragnarsdóttir starfar sem þjónustufulltrúi við  
Höfðabakkaútibú Landsbankans. Hún tók þátt í verkefni-  
nu Gildi starfa, e: Value of work, á vegum Fræðslumið-  
stöðvar atvinnulífsins s.l. vetur.